



## Vinnustaðanám á lyflækninga- og/eða skurðlækningadeildum

### Meginmarkmið.

Meginmarkmið þessa verknámsáfangs er að nemandi öðlist færni í samskiptum við sjúklinga og náí leikni í hjúkrun bráðveikra og fullorðinna sjúklinga.

### Áfangalýsing.

Verknám fer fram á lyflækninga-og/eða skurðlækningadeildum sjúkrahúsa. Námsstíminn er 3 vikur eða 15 vaktir á tímabilinu. Hjúkrunarkennari, leiðbeinandi og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandi fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða. Í upphafi tímabils setur nemandi sér persónuleg og fagleg markmið um verknámið. Mætingaskylda er 100%.

### Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- sýna þekkingu í hjúkrun og aðstoð við sjúklinga á hand- og lyflækningadeildum
- sýna færni í samskiptum við skjólstæðinga
- sýna faglega umhyggju í hjúkrun mikið veikra sjúklinga og geta útskýrt mismunandi hjúkrunarþörf þeirra
- geta útskýrt mikilvægi andlegs undirbúnings fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir
- sýna færni í hjúkrun fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir
- þekkja og sýna skilning á mikilvægi skráningar
- sýna færni í algengum sýnatökum og meðferð sýna
- sýna færni í að skipuleggja og forgangsraða hjúkrun skjólstæðinga í samvinnu við leiðbeinanda
- sýna skilning á hlutverki sjúkraliða á viðkomandi deild
- geta gert grein fyrir mikilvægi trúnaðar og þagnarskyldu við skjólstæðing

### Námsþættir:

Í heftinu eru tilteknir verknámsþættir sem æskilegt er að nemandi fái að kynnast og reyna. Þegar neminn hefur fylgst með, aðstoðað við og unnið viðkomandi verk sjálfstætt mun leiðbeinandi kvitta fyrir til staðfestingar.

Athugið að ekki er víst að nemandi náí öllum námsþáttum á sömu deildinni.

### Spjall:

Um miðbik vinnustaðanámsins er æskilegt að leiðbeinandi og nemandi setjist niður og ræði hvernig vinnustaðanámið hefur gengið, hver upplifun nemanda og leiðbeinanda hefur verið, hvaða tækifæri nemandinn hefur fengið og eftir hverju þarf að sækjast það sem eftir lifir námsstímans. Í þessu viðtali gefst leiðbeinandi tækifæri til að koma með uppbyggilegar

ábendingar sem nemandi getur nýtt sér það sem eftir er námstímans og eins getur nemandi komið með athugasemdir telji hann þörf á.

### **Námsmat**

Nemandi skal sjá til þess að leiðbeinandi kvitti fyrir tiltekna unna námsþætti, fylli út mat á klínískri færni og gefi nemanda umsögn.

Nemandi skal vinna þau verkefni sem birt eru undir liðnum verkefni i INNU og skila í hólf kennara ásamt námsmatshefti. Nemandi hefur til þess 10 daga eftir að vinnustaðanámi lýkur.

Ef spurningar vakna eða eitthvað kemur upp þá hikið ekki við að hafa samband við neðangreinda í síma 896-0181 eða á netfangið [johanol@fva.is](mailto:johanol@fva.is).

Gangi ykkur vel  
Jóhanna Ólafsdóttir,